

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. janúar 2016
2016010034/42-8
TB
jgo/tb

**Umsókn Landsvirkjunar um endurnýjun á rannsóknarleyfi á háhitasvæðum
Hágöngum á Suðurlandi**

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 11. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landsvirkjunar um endurnýjun á leyfi til rannsókna á háhitasvæðum í Hágöngum á Suðurlandi.

Náttúrufræðistofnu hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna í samræmi við þær forsendur sem gefnar eru um leyfi til rannsókna á svæðum sem lenda í biðflokki sbr. lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Stofnunin bendir hins vegar á að hluti af afmörkuðu rannsóknarsvæði í Hágöngum lendir innan Vatnajökulspjóðgarðs. Þriðja áfanga rammaáætlunar er ekki lokið og því ekki enn ljóst hvort umræddur virkjunarkostur lendir í nýtingarflokki eða ekki. Að mati Náttúrufræðistofnunar á ekki að veita heimild til rannsókna innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrr en ljóst er í hvaða flokki virkjunarkosturinn lendir og/eða að rannsóknirnar séu í fullu samráði og með leyfi Vatnajökulspjóðgarðs sbr. lög og reglur sem um þjóðgarðinn gilda.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

